



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

*St: Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland*

*☎ (+354) 591 2000*

*Fax (+354) 591 2010*

*umhverfisstofnun@ust.is*

*www.umhverfisstofnun.is*

Sveitarfélagið Álftanes  
Gunnar Valur Gíslason  
Bjarnastaðir  
225 Bessastaðahreppur

Reykjavík, 31. janúar 2006  
Tilvísun: UST20040700090/óaj

### **Aðalskipulagi Álftaness 2005-2025**

Vísað er til erindis sveitarfélagsins Álftaness dagsett 4. janúar sl., þar sem bent er á að ofangreind skipulagstillaga hafi verið auglýst til kynningar og að frestur til að gera athugasemdir sé til og með 27. janúar 2006. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

#### **Íbúðarbyggð**

Í forsendum fyrir aðalskipulagi kemur fram að gengið verði út frá því að ný íbúðarbyggð verði hvergi byggð niður að sjó og hús ekki heimiluð nær fjörुकambi en 30-50 metra.

Þegar strendur eru settar á náttúruminjaskrá er almennt miðað við að vernda beri fjöruborð og bakka ásamt 100 metra breiðu belti ofan eðlilegra flóðmarka. Umhverfisstofnun telur að þar sem gert er ráð fyrir nýjum svæðum til íbúðarbyggðar eigi ekki eigi að fara með byggingarreiti nær ströndinni en sem nemur 100 metrum. Þar sem fyrir er íbúðarbyggð ætti að mati Umhverfisstofnunar að gera ráð fyrir a.m.k. 50 metra byggingarfríu svæði, sbr. einnig athugasemdir í bréfi Umhverfisstofnunar dags. 29. september 2004. Með því er stuðlað að vernd svæðanna og tryggt nægjanlegt rými fyrir útivist meðfram ströndinni. Sérstaklega er mikilvægt að ekki sé byggt nærri friðlýstum svæðum, sem og svæðum sem eru mikilvæg varplönd og búsvæði fugla.

#### **Reiðstígar**

Umhverfisstofnun bendir á að meginreiðleiðir liggja um og kringum þéttbýlasta hluta Álftaness. Gæti skapast nokkur hætta fyrir vegfarendur og hestamenn, þar sem hestar geta fælst vegna hávaða eða snöggrar hreyfingar. Umhverfisstofnun telur eðlilegra að færa umferð hesta fjærri stígum og vegum þar sem umferð er mikil.

Stofnunin bendir einnig á að samkvæmt landnotkunaruppdrætti þá er ein tegund stíga, merkt með grænni punktalínu, flokkuð sem útivistarstígur/reiðstígur. Stofnunin bendir á að ekki fer vel saman umferð hestamanna og almenn umferð gangandi og hjólandi vegfarenda og telur að aðskilja eigi stíga fyrir þessa notendahópa.

#### **Fráveita**

Í forsendum fyrir aðalskipulagi kemur fram að samkvæmt heildaráætlun fyrir fráveitur sveitarfélagsins sé gert ráð fyrir að allar útrásir og annað afrennsli fráveitunnar verði smám saman lagt af og allt fráveituvatn verði leitt að einni meginútrás norðan Hrakhólma og þaðan

út í sjó.

Samkvæmt 20. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp skulu sveitarstjórnir gera tillögur að skilgreiningu viðtaka þar sem það á við og skal hæfni viðtaka til að taka við og eyða skólpi metin skv. skilgreiningu í fylgiskjali 2 með reglugerðinni, sjá einnig 21. og 23. gr. reglugerðarinnar. Umhverfisstofnun telur að í aðalskipulagi eigi að koma fram *tímasett* markmið hvað varðar mat á viðtaka fráveitu.

Umhverfisstofnun bendir á að gæta skal að því að fráveituvatn verði leitt nægilega langt út á sjó til að koma í veg fyrir hugsanlega mengun strandar. Á það sérstaklega við ströndina við Kasthúsatjörn sem er friðlýst.

### **Hávaði**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2012.

Vegna ákvæða reglugerðarinnar telur Umhverfisstofnun nauðsynlegt að við gerð aðalskipulags sé í greinargerð fjallað um umferðartölur um helstu vegi í sveitarfélaginu og birtar spár um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra. Að öðrum kosti sé ekki hægt að meta hvort ákvæði fyrrgreindrar reglugerðar geti átt við um vegi innan sveitarfélagsins á gildistíma skipulagsins.

### **Skógrækt**

Samkvæmt greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að upplandið í sameiginlegu sveitarfélagi Álftaness og Garðabæjar, Almenningskógum Álftnesinga, er áformað til landgræðslu og skógræktar. Kemur þar einnig fram að Skógræktarfélag Álftaness hefur stundað þar skógrækt og landgræðslu á svæðinu um nokkurra ára skeið. Stór hluti af ofangreindu upplandi er innan Reykjanesfólkvangs og Bláfjallafólkvangs.

Að mati Umhverfisstofnunar krefst skógrækt í ofangreindum fólkvöngum leyfis stofnunarinnar auk leyfis sveitarstjórnar. Stofnunin bendir einnig á að ofangreint svæði er stærra en 200 ha og þar á auki á verndarsvæði og því beri að tilkynna skógræktina til Skipulagsstofnunar samkvæmt d lið 2. viðauka laga nr. 74/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt þeim lið kann nýræktun á skógi, 200 ha svæði eða stærra eða nýræktun skóga á verndarsvæðum, að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og er metið í hverju tilviki fyrir sig með tilliti til eðlis, umfangs og staðsetningar hvort háðar skuli mati á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur að þetta eigi að koma fram í greinargerðinni.

Samkvæmt 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er *öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum er njóta sérstakrar verndar (skv. 37 gr. náttúruverndarlaga) og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó*. Að ofansögðu er það ljóst að óheimilt er að gróðursetja útlendar plöntutegundir á stórum hluta svæðisins. Telur stofnunin að þetta eigi einnig að koma fram í greinargerðinni.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd ber að leita umsagnar stofnunarinnar áður en farið er í framkvæmdir sem hafa í för með sér röskun jarðmyndana og vistkerfa sem tiltekin eru í 37. gr. laganna. Stofnunin telur að setja eigi skýrar reglur í aðalskipulagi um skógrækt í sveitarfélaginu. Skipuleggja þarf svæðið með tilliti til útivistar almennings annars vegar og skógræktar hins vegar.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í stefnumörkun íslenskra stjórnvalda til sjálfbærrar þróunar til ársins 2009 (Velferð til framtíðar: Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi)

eru skilgreind markmið á sviði sjálfbærrar þróunar og leiðir að þeim markmiðum. Eitt þessara markmiða er að taka tillit til útivistargilda svæða við skipulag og ákvarðanir um landnýtingu. Stofnun telur að þar sem þegar hefur verið skipulagt útivistarsvæði fyrir almenning, sbr. framangreinda fólkvanga, eigi að takmarka skógrækt eða að halda skógræktarsvæðum opnum fyrir almenning.

Umhverfisstofnun bendir á að framangreint skipulag er í ósamræmi við auglýst aðalskipulag Garðabæjar. Í aðalskipulagi Garðabæjar hefur skipulagi verið frestað á þessu svæði. Stofnunin telur að gæta þurfi samræmis milli skipulagstillagna.


### **Samgöngur**


Umhverfisstofnun barst sl. haust ábending varðandi fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi Álftaness þess efnis að lagður yrði vegur yfir Breiðabólstaðartjörn og að þau grunngögn sem lögð hafa verið fram við endurskoðun aðalskipulagsins væru röng. Með bréfi sínu 10. október 2005 óskaði Umhverfisstofnun eftir álitu sveitarfélagsins og rökstuðningi á því hvort ofangreind skipulagsbreyting hafi í för með sér áhrif á tjörnina og/eða lífríki í og við hana. Einnig óskaði Umhverfisstofnun eftir skýringum á því af hverju verið væri að flytja veginn og ef það væri nauðsynlegt hvort ekki væri hægt að haga flutningi á veginum þannig að tjörnin yrði ekki fyrir raski. Þann 5. desember 2005 fengust þau svör að umfang tjarnarinnar væri það sama og ritað væri á skipulagsupprátt. Einnig var bent á að breyting á legu vegarins væri óveruleg. Vísað var til þess að í skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands, Gróður og fuglalíf á Álftanesi (04-012), væri hvergi nefnt að Breiðabólstaðartjörn og lífríki hennar væri í hættu vegna áformaðra framkvæmda.

Umhverfisstofnun fór á staðinn þann 4. janúar sl. og kannaði umfang tjarnarinnar. Að mati stofnunarinnar mun færsla vegarins eins og hún er sýnd í umræddu aðalskipulagi skerða umfang tjarnarinnar. Einnig bendir stofnunin á að í tilgreindri skýrslu Náttúrufræðistofnunar Íslands er ekki tekin nein afstaða til áhrifa fyrirhugaðra framkvæmda við Breiðabólstaðartjörn. Samkvæmt álitu Guðmundar Guðmundssonar fuglafræðings hjá Náttúrufræðistofnun mun fyrirhuguð breyting á vegstæði hafa töluverð áhrif á fæðusvæði fugla við vatnið. Stofnunin telur að færa eigi veginn austar, þ.e. nær núverandi vegstæði, þannig að vegurinn skerði hvorki Breiðabólstaðartjörn né votlendið í kringum hana.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður